

Alþingi
Erindi nr. P 139/1703
komudagur 15.3.2011



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfastími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is · menntamálaráðuneyti.is

Samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. mars 2011
Tilv.: MMR11020351/0.4.0-

Efni: Umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 278. mál.

Vísað er til beiðni yðar dags. 21.02. 2011 um umsögn um frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 278. mál. Með frumvarpinu er ætlunin að gera starfandi sjómönnum það auðveldara að afla sér skipstjórnarréttinda á afmörkuðu sviði hér á landi. Segir m.a. að skólar á Ísafirði, Dalvík, Hornafirði, í Vestmannaeyjum og Reykjavík skuli annast menntun og þjálfun skipstjóra til ótakmarkaðra réttinda á önnur íslensk skip en farþega- og flutningaskip.

Í 4. gr. núgildandi laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa segir m.a. að um inntökuskilyrði í skóla sem annist menntun og þjálfun áhafna skipa, námskrá, nám, námstilhögun, námsmat og námsstig fari eftir lögum um framhaldsskóla og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Ennfremur segir að nám og kennsla í þeim skólum skuli vera samkvæmt viðurkenndu gæðastjórnunarkerfi. Þá segir að starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina, sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla, geri tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um námskrár skólanna að fenginni umsögn Siglingastofnunar.

Frumvarp það er hér liggur fyrir gerir ráð fyrir því að tilgreindir verði þeir skólar sem **skuli** bjóða upp á það nám er hér um ræðir. Einnig felur frumvarpið í sér tillögu um umtalsverða styttingu námsins frá því sem núgildandi námskrá frá 2009 kveður á um.

Framhaldsskólar starfa á grundvelli sérstakra samninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, þar sem m.a. kemur fram hvaða námsbrautir skuli starfræktar í viðkomandi skóla. Eðlilegt virðist að halda því fyrirkomulagi, enda ekki víst að unnt sé að halda úti námsbrautum á fámennum svæðum þar sem lítil aðsókn er í námið og framlög hins opinbera til rekstrar skóla standa ekki undir kostnaði. Ekki virðist heldur skynsamlegt að skylda skóla til þess að bjóða upp á tiltekið nám þar sem gilda alþjóðlegir staðlar og gæðareglur ef skólanum er ómögulegt að uppfylla settar gæðakröfur. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir alvarlegan fyrirvara við þá styttingu skipstjórnarnáms sem felst í frumvarpinu.

Loks skal vakin athygli á því að enginn framhaldsskóli er starfræktur á Dalvík og ákvæði um sérstök inntökupróf á námsbrautir framhaldsskóla samrýmast ekki lögum um framhaldsskóla.

Að mati mennta- og menningarmálaráðuneytisins gengur frumvarp til laga um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (skipstjórnarréttindi innanlands), 278. mál, gegn þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir og varða viðurkenningu starfsréttinda áhafna á íslenskum skipum.

Fyrir hönd ráðherra



Arnór Guðmundsson



Ólafur Grétar Kristjánsson